

### 3. fundur í skólaráði

Haldinn 13. desember kl. 16.15 í kaffistofu Gamla skóla

*Mættir: Guðrún Ásta fulltrúi kennara í grunnskólanum, Vilborg fulltrúi annars starfsfólks í grunnskólanum, Arna fulltrúi foreldra í leikskólanum, Urður Arna fulltrúi starfsfólks leikskólans, Hanna Christel fulltrúi foreldra grunnskólans, Heimir Loftur og Jóhann Elí fulltrúar nemenda og Þórunn Hrund skólustjóri.*

#### 1. Framkvæmdir.

- Búið er að setja upp handrið á tröppurnar við Gamla skóla.
- Búið er að skipta um alla glugga í smíðastofu.
- Búið er að setja upp nýja útidyrhurð.
- Lausa kennslustofan er tilbúin til að hægt sé að flytja tónlistarkennsluna þangað. Skólaselid mun þá fá aðstöðu í þeirri stofu sem áður hýsti tónlistarkennsluna.
- Búið er að panta ný borð og stóla fyrir yngsta stig og unglíngastig, en núverandi húsgögn eru ca. 40 ára gömul.

#### 2. Sumarleyfisreglur leikskólans – opnun milli jóla og nýárs.

Fjölskylduráð ákvað eftirfarandi á fundi sínum í nóvember:

*“Sumarlokun í leikskólum Múlapings 2022 verður á tímabilinu 11. júlí til 12. ágúst 2022. Til að koma til móts við þarfir foreldra varðandi 5. viku sumarleyfisins verður miðað við að það berist ósk um vistun fyrir að lágmarki 30% barna til að reynt verði að bregðast við og hafa opið fyrir þau börn 5. vikuna (8.-12. ágúst), að því tilskyldu að nægt starfsfólk fái til starfa þá viku.”*

Þá voru foreldrar beðnir um að láta vita ef þeir ætluðu ekki að hafa börn sín á leikskólanum á milli jóla og nýárs og var miðað við að það þyrftu að lágmarki að vera 14 börn á leikskólanum til að hann yrði opinn. Hér á Seyðisfirði voru fleiri börn skráð á milli jóla og nýárs og því verður óskert opnun hér þessa daga.

#### 3. Skólastarfið framundan.

- Litlu jólin verða haldin með nokkuð óbreyttu sniði þann 17. desember. Helsta breytingin er að ekki verður um neinar heimsóknir að ræða frá jólasveinum vegna covid – ástandsins.

- Jólafri grunnskólans er 20. desember – 3. janúar. 4. janúar er Seyðisfjarðarskóli lokaður vegna starfsdags á öllum deildum en ekki verður hægt að hafa sameiginlegan starfsdag vegna covid takmarkana.
- Hreyfidagur verður í grunnskólanum 18. janúar.
- Þorramatur verður í hádeginu á þorradaginn 21. janúar og unglिंगadeildin stefnir á að halda sitt þurrablót í lok janúar. Ekki verður þó hægt að bjóða utanaðkomandi gestum í þetta sinn vegna covid.

#### 4. Heimsókn vinnueftirlitsins.

Vinnueftirlitið er væntanlegt í heimsókn til okkar í byrjun nýs árs. Skólastjóri mun sjá til þess að öryggistrúnaðarmenn verði kosnir í grunnskóla og leikskóla. Einnig að þeir ásamt öryggisfulltrúa skólans taki viðeigandi námskeið sem fyrst á nýju ári.

#### 5. Jólabball Lions.

Löng hefð er fyrir því að Lions félagið haldi jólabball á milli jóla og nýárs. Stjórn Lions hefur haft samband við skólastjóra þar sem félagar í Lions treysta sér ekki til að halda þetta ball lengur. Ekki verður um jólabball að ræða í ár út af covid takmörkunum en fulltrúar foreldrafélaga grunnskóla og leikskóla munu ræða þetta á sínum vettvangi.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17.35

Þórunn Hrund Óladóttir